

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka (Árborg).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Árborg.

Um er að ræða breytingu á landnotkun þannig að reitur við Búðarstíg 19 sem sýndur er sem iðnaðarsvæði breytist annars vegar í lóð undir blandaða landnotkun iðnaðar, verslunar og þjónustu og hins vegar í lóð verslunar og þjónustu. Jafnframt eru götur austan og sunnan við reitinn felldar niður og gert ráð fyrir lóðaaðkomu frá Nesbrú og Búðarstíg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 529

16. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar, stofnanasvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að stofnanasvæði, sérstaklega merkt S2 fyrir æðri menntastofnun, breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir án sérstakrar merkingar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 16. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 530

16. júlí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar, Kúludalsá.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, 2. mgr. 14. gr., hefur ráðherra þann 16. júlí 1999 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, frá 26. apríl 1994.

Um er að ræða breytingu úr hefðbundnum landbúnaði í skógrækt og frístundabyggð á afmörkuðum hluta jarðarinnar Kúludalsá.